

Fyrirspurn

**til heilbrigðisráðherra um möguleika ljósmæðra
á að ávísa lyfjum og hjálpartækjum.**

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Hvert er viðhorf ráðherra til þess að ljósmæður fái heimild til að ávísa tilteknum hormónagetnaðarvarnalyfjum, lyfjum til notkunar við heimaafæðingar, sýklalyfjum við sýkingum í brjóstum sem tengjast brjóstgjöf og lyfjum og hjálpartækjum sem að gagni koma við ýmsum sjúkdómum og kvillum á meðgöngu?
2. Telur ráðherra að undirbúningur að því að veita ljósmæðrum framangreinda heimild, svo sem námskeiðahald, geti hafist á næstunni? Ef breytingin er talin æskileg, hvenær gæti hún átt sér stað?